

# **Reglur um mat á eldri prófum við endurinnritun, vegna fyrra háskólanáms og valnámskeiða við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands**

Samþykkt á deildarfundi 22.01.2007

*Breytingar samþykktar á deildarráðsfundi 20.08.2019*

*Breytingar (tímarammi umsóknar um mat og grein 6 bætt við) samþykktar á deildarráðsfundi 3. mars 2023*

**Reglur þessar eru settar fram til að skýrt sé kveðið á um mat á fyrri námskeiðum á háskólastigi og þegar endurinnritun á sér stað. Umsóknir um mat samkvæmt reglum þessum skulu berast til verkefnisstjóra kennslumála eigi síðar en síðasta dag til að endurskoða námskeiðaskráningu skv. kennsluálfanaki. Kennsluráð Lyfjafræðideildar fer með þessi mál og úrskurðar samkvæmt þessum reglum.**

Nemanda sem ekki hefur staðist námskröfur í Lyfjafræðideild (hefur til dæmis tvífallið í námskeiði og ekki fengið undanþágu til þriðju próftöku) skal bent á að hann getur sótt um að endurinnritast í deildina.

Nemendur sem teknir hafa verið inn í BS eða MS nám í Lyfjafræði geta óskað eftir að fá fyrra nám metið.

## **1.gr.Forsendur mats**

Nemandi sem endurinnritast getur sótt um að fá metið þau námskeið sem hann hefur lokið með einkunn sem er einum heilum yfir lágmarkseinkunn viðkomandi greinar.

Nemendur, sem fallið hafa út úr deildinni, geta við endurinnritun óskað eftir mati á fyrri prófum sem eru yngri en fimm ára ef þeir hafa fengið einkunn sem er einum heilum hærri en lágmarkseinkunn viðkomandi greinar. Einingafjöldi námskeiðsins er a.m.k. jafn mikill og þess námskeiðs sem það á að jafngilda. Þá skal námskeiðið samsvara a.m.k. 2/3 hlutum af innihaldi þess námskeiðs sem það á að jafngilda. Ef námskeiðið er að fullu sambærilegt er það metið beint.

Ef nemandi endurinnritast er honum heimilt að skrá sig í hvaða námskeið sem er á þeim árum sem hann hefur fengið námskeið metin af með fyrirvara um forkröfur.

## **2. gr. Mat á fyrri prófum úr námsgráðu í fræðigrein sem viðkomandi hefur starfað við**

Til undantekningar frá ákvæði 1. greinar má viðurkenna fyrri próf sé það eldra en 5 ára, sé um að ræða námsgráðu í fræðigrein sem viðkomandi hefur lokið háskólaprófi í og síðan starfað við greinina til þess tíma er hann sækir um viðurkenningu prófanna.

## **3.gr. Mat á lyfjafræðinámi erlendis**

Til undantekninga frá ákvæði 1. greinar telst að nemendur sem stundað hafa samfellt lyfjafræðinámi erlendis, sem Lyfjafræðideild telur sambærilegt námi við Háskóla Íslands. Þeir geta fengið próf sín þaðan viðurkennd og haldið áfram námi svo fremi sem fjöldi nemenda á viðkomandi námsári leyfir.

#### **4.gr. Mat á öðru háskólanámi inn í BS-nám í lyfjafræði**

Nemendur sem hafa stundað annað háskólanám geta fengið allt að 120 einingar úr jafngildum námskeiðum metnar inn í BS nám í lyfjafræði að uppfylltum reglum Lyfjafræðideildar. Sömu reglur eiga við um mat á öðru háskólanámi inn í BS-nám í lyfjafræði og ákvæði 1. greinar segir til um hér að ofan. Nemandi skal sækja skriflega um slíkt mat til Lyfjafræðideildar þar sem fram kemur hvaða námskeið þeir óska eftir að fá metin inn til jafns við ákveðin námskeið lyfjafræðinámsins.

#### **5.gr. Mat á öðru meistaranámi inn í MS-nám í lyfjavísindum**

Nemendur geta fengið allt að 30 einingar sem teknar hafa verið sem námskeið metnar inn í MS-nám í lyfjavísindum svo fremi að námskeiðin sem beðið er um mat á eru sannanlega á meistarastigi. Að öðru leyti skal uppfylla kröfur Lyfjafræðideildar varðandi einkunnir úr námskeiðum og aldur prófa sbr.1 grein. Nemandi skal sækja skriflega um slíkt mat til Lyfjafræðideildar. Rannsóknaverkefni sem unnin voru áður en MS-nám hófst verða ekki metin til eininga í náminu.

#### **6.gr. Valnámskeið í MS-námi í lyfjafræði**

Listi yfir valnámskeið í námsleiðinni-MS í lyfjafræði er birtur í kennsluskrá. Hafi nemandi hug á því að taka námskeið sem er ekki á þeim lista skal senda beiðni með rökstuðningi á verkefnisstjóra kennslumála sem verður afgreidd í gegnum Kennsluráð Lyfjafræðideildar. Námskeiðið má vera á grunnstigi (G merking) ef það hefur sérstaka þýðingu fyrir meistaraverkefnið í lyfjafræði og skal það þá rökstutt sérstaklega. Nemandi í MS námi getur fengið námskeið af annari námsleið metið í stað valnámskeiðsins ef námskeiðið er á framhaldsstigi (M eða F merking) og getur fallið undir skilmerki lyfjafræðinnar, notkun lyfjafræðinnar í meistaraverkefninu og/eða úti í samfélaginu.